

„Ljóst að margir stöðvast, sökum lánsfjárskorts“

Aðeins 84 Reykvíkingar hafa fengið lán til smábúða

Borgarstjóri skýrði í gær frá störfum nefndar þeirrar er út-lútað hefur lánunum til smábúða.

84 Reykvíkingar hafa fengið loforð um lán, en af þeim byggja 12 í Kópavogi svo lán eru veitt til aðeins 72ja smábúða í Reykjavík. Þessir 84 hafa fengið loforð fyrir samtals 2,2 millj. kr. láni. Utan Reykjavíkur hafa 92 fengið loforð fyrir 1,77 millj. kr. láni. — Lánveitingin er bundin því skilyrði að húsin verði foheld fyrir 1. nóv. n.k.

„Það er ljóst sagði borg-

Lög eftir Hallgrím Helgason í þýzku útvarpi

Á vetri komanda munu þýzku útvarpsstöðvarnar í Bremen, Frankfurt og München flytja tónverk fyrir pianó eftir Hallgrím Helgason. Verkin verða flutt af þremur þekktum konsertpianistum, Dr. Friedrich Brand í Braunschweig, Hans Richter-Haaser í Detmold og Hans Pösegga í München.

Í Salzburg, Austurríki, var í sumar 18. ágúst flutt fiðlutónlist eftir Hallgrím í útvarpið þar.

Siglfirðingar flytja kröfur sínar

Siglfirði. Frá fréttaritara Þjóðviljans. Atvinnumálanefnd ríkisins, sem vantanleg var til Siglfjarðar um síðustu helgi, er nú komin og ræddi við bæjarstjórn í gær. Bæjarstjórnin hafði falið atvinnumálanefnd bæjarins að undirbúa tillögur Siglfirðinga til úrbóta á atvinnuleysinu og munu umræður halda áfram í dag.

Vilja öll ríki inn í SP — Danmörku í Öryggisráðið

Í gær lauk hér í Reykjavík fundi utanríkisráðherra Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Í tilkynningu um fundinn, sem gefin var út í gær, segir að ráðherrarnir hafi orðið sam-mála um að styðja framboð Danmerkur í sæti það í Öryggisráðinu, sem eitthvert af smá-ríkjum Vestur-Evrópu er vant

Strokufangar í mýraflóum?

Lögreglan á Fjöni í Danmörku taldi sig í gær hafa umkringt fanga, sem í fyrradag struku úr fangelsi í Nyborg, í mýrarflóum vestur af bænum. Mikill liðssafnaður er þarna til taks. Þó er ekki með öllu útilokað að fangarnir, en annar þeirra er dæmdur morðingi, hafi komið undan á fleka, sem horfið hefur frá festum við ströndina.

arstjóri, „að margir þeirra sem nú eru byrjaðir bygg-ingu smábúða stöðvast sök-um lánsfjárskorts“.

Flutti hann tillögu þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta ljúka rannsókn á lánsfjárþörf til smábúða og leggja fyrir næsta Alþingi tillögur til úrbóta. Tillagan var samþykkt einróma.

Tugir farast í sprengingu

Sprenging varð í fyrrakvöld í olíu- og sápuverksmiðju í Marseilles í Frakklandi. Verksmiðjan hrundi og 40 hús við sömu götu hrundu, brunnu eða stórskemmdust. Í verksmiðjurústunum hafa fundist 20 lík og 20 manna er enn saknað.

Línuvinda sem gefur eftir þegar sjór ríður undir skip

Vélsmiðjan Héðinn framleiðir línuvindu, sem hefur þann frábæra eiginleika að hún gefur sjálfkrafa eftir á línunni þegar sjór ríður undir skip, sem er að draga línu með henni.

Línuveiðabátar hafa löngum orðið fyrir miklu veiðarfæra-tjóni og aflamissi, þegar kvika, sem ríðið hefur undir skipið, hefur orðið þess valdandi að strikkað hefur á línunni svo að hún hefur slitnað.

Þrír aflahæstu bátarnir með þessa vindu.

Við notkun vindu Héðins er þessari hættu hægt frá eins og sjá má af því að þrír aflahæstu bátarnir í Keflavík á síð-ustu vertíð höfðu vindu af þess ari gerð. Veiðarfæratjón hjá þeim var hverfandi lítið.

Vinda þessi nefnist vökvadrifin þilfarsvinda. Breyting á vökvaprýstingi við veltu á skipinu veldur því að hún gefur sjálfkrafa eftir á línunni.

Viðan er norsk uppfund-ing og er smíðuð í Héðni samkvæmt leyfi einkaleyfishafans. Vindur frá Héðni af þessari gerð eru komnar í um 60 ísl. báta og þykja reynast jafnvæ- betur en þær norsk. Með þeim er ekki einungis hægt að draga línu heldur einnig losa og lesta skip.

Gigt og lómunar-lækningar

Þýzkur prófessor, dr. H. Lamperl, hefur dvalið hér að undanförunu á vegum Elliheimil-isins Grundar, einkum með hlíð-sjón af Elliheimilinu í Hvera-gerði, en Grund hefur tekið að sér rekstur þess elliheimilis, en eigandi þess er Árnessýsla.

Dr. Lamperl hefur verið að kynna sér heita hveravatnið og leirböð og annað því tilheyr-andi, en hann er sérfræðingur í meðferð gígtar og lómunar-sjúkdóma, og er talið að hann hafi náð mjög góðum árangri í lækningu á þessum sjúkdóm-um.

Prófessorinn hefur einnig ferðast til Krýsuvíkur og at-hugað hverina og leirinn þar; einnig hefur hann athugað öl-kelduvatn í Henglinum. — Hann telur, að óviða séu betri skilyrði en hér á Íslandi til þess að lækna og koma í veg fyrir barnalamanir og aðrar laman-ir.

Í gærkvöld ætlaði prófessor-inn að flytja fyrirlestur í lækna-félaginu, en á sunnudag mun Framhald á 7. síðu.

Brezkir málmsmiðir hóta banni við eftirvinnu

Fulltrúaráð sambands brezkra málmiðnaðarmanna hef-ur ákveðið að hefja aðgerðir til að knýja fram kauphækk-un til handa þrem milljónum verkamanna í málmiðnaði Bretlands.

Atvinnurekendur hafa hafnað kröfu málmiðnaðarmanna um tveggja sterlingspunda kaup-hækkun á viku. Nú leggur full-trúaráð sambandsins til að málmiðnaðarmenn í Bretlandi, sem eru um þrjár milljónir, reki á eftir kröfu sinni með því að neita að vinna eftirvinnu og á- kvæðisvinnu. Þing sambandsins tekur lokaákvörðun um þetta mál 10. þ.m. Ef af þessari tak-mörkuðu vinnustöðvun verður mun það koma sérstaklega hart niður á bergagnafram-leiðslu og útflutningsiðnaði Bretlands.

Á þingi Alþýðusambands Bretlands fékk sambandsstjórn-in í gær samþykkt ályktun þar sem lagt er til að kaup-hækkunarkröfur séu hafðar hóflegar. Felld var með atkv. fulltrúa fimm millj. verka-manna gegn atkv. fulltrúa 2,5 milljóna tillaga um að leggja engar hömlur á kröfur um hækkad kaup.

Brezka útvarpið sagði í gær að ekki væri búið við að þessi samþykkt hefði nein áhrif á baráttu málmiðnaðarmanna, kolanámumanna og járnbraut-arverkamanna fyrir kauphækk-unum.

Berjaferðir Orlofs

Ferðaskrifstofan ORLOF efn-ir daglega til berjaferða, og um næstu helgi verður efnt til berjaferðar bæði í Kjós og Grafning. En auk berjaferð-anna verður á laugardaginn kl. 2 e.h. og á sunnudaginn kl. 1 e. h. efnt til ferða um Hellisheiði, austur á Loftstaðahól og það-an svo til Stokkseyrar og Eyr-arbakka og búið Þuríðar for-manns skoðuð. Á heimleiðinni verður ekið um Selvog og Krýsuvík.

ÞJÓÐVILJINN

Föstudagur 5 sept 1952 — 17. árgangur — 198 tölublað

Handíða- og myndlistaskól-inn fær aukið húsnæði

Á 5. hundrað nemendur stunda nám í skólanum í vetur — Fjárhagsörðugleikar skólans eru miklir

Handíða- og myndlistaskólinn hefur starfsemi sína á þessu hausti um næstu mánaðamót. Verður starf skólans með líkum hætti og verið hefur, en þó fær hann aukið húsrými, þar eð skóla-stjórinn Lúðvíg Guðmundsson flytur úr skólahúsinu.

Margar deildir.

Kennsla í myndlistadeild og teiknikennaradeild fer fram að dægnum, en auk þess eru kvöld deildir í teiknun, bókbandi, leð-urvinnu, tréskurði o. fl. Þá mun Björn Th. Björnsson, listfræð-ingur, flytja fyrir almenning fyrirlestra um myndlist. Verða þeir eitt kvöld í viku, tvo tíma í senn, og verða sýndar myndir til skýringar. Þá kemur til mála að hafin verði listfræðsla fyrir börn.

Teiknistofa og tækni-teiknun.

Í haust opnar skólinn sér-staka teiknistofu þar sem menn geta fengið gerðar teikningar að húsgögnum, og annast Sveinn Kjarval um það. Þá er einnig áformað að skólinn ráði í sína þjónustu bókbindara, sem tæki að sér bókband, gerð gestabóka og þess háttar. Á síðkvöldum verður kennd tækni teiknun í teiknistofunni, og hef-ur skólinn samvinnu um það við Skarphéðin Jóhannsson arkitekt. Síðastliðin tvö ár hef-ur farið fram í skólanum kennsla í gerð og útbúnaði leik-sviða, og verður haldið áfram í vetur.

Kennarar skólans.

Kennarar skólans í vetur verða flestir þeir sömu og und-anfarið: Sigurður Sigurðsson, Valtýr Pétursson, frú Tove Ólafsson, frú Valgerður Briem, Björn Th. Björnsson, frú Ester Búadóttir, Sigríður Björnsdótt-ir, Sveinn Kjarval. Þá mun Ágúst Sigurmundsson, tré-Framhald á 7. síðu.

Sforza látinn

Sforza greifi, fyrrverandi utanríkisráðherra Ítalíu, lézt í gær í Róm áttæður. Hann flúði land þegar Mussólíni komst til valda. Sforza hefur átt sæti í flestum ríkisstjórn-um Ítalíu síðan 1943.

Duclos boðar bar-áttu fyrir þjóð-fylkingu

Jaques Duclos, aðalritari Kommúnistaflokks Frakklands í forföllum Maurice Thorez, sagði í ræðu á fundi miðstjórn-ar flokksins í gær, að flokkur-inn yrði að beita sér fyrir sam-fylkingu allra þjóðlegra afla í Frakklandi. Fjöldi manna, sem ekki teldi sig geta aðhyllt stefnuskrá flokksins í heild, væri sama sinnis og hann í ein-stökum málum og stuðningur þessa fólks gæti orðið þungur á metunum.

Dýrar bækur að gjöf

Snemma í vor afhenti skóla-stjóri Handíða- og myndlista-skólans, Lúðvík Guðmundsson, ríkisstjórninni að gjöf forkunn-arfagra gestabók er skyldi liggja frammi á Bessastöðum til áritunar gestum forsetans. Á hátíðisdegi Reykjavíkur 18. ágúst sl. fékk borgarstjóra-embættið aðra svipaða gesta-bók. Eru þær báðar unnar og gerðar í Handíða- og mynd-listaskólanum og hin mestu gersemi: pappírinn í þeim hand-umninn og afardýr og báðar bundnar í alskinn. Er svína-skinn í annarri en geitaskinn í hinni.

Íhaldið neyðist til að endurskoða sínar eigin reglur!

Eins og fram hefur komið í Þjóðviljanum hefur ákvörðun íhaldsins um fyrirkomulag torgsölu grænmetis og blóma sætt hörðum andmælum, ekki aðeins garðyrkjumanna heldur jafnhliða almennings í bænum. Sósíalistar fluttu í fyrra til-lögu um fyrirkomulag torgsöl-unnar, er var í samræmi við

sjónarmið og þarfir garðyrkju-manna og almennings, en íhald-ið lét kröfur verzlánanna ráða og felldi þá tillögu.

Í gær sá það sig hinsvegar neytt til að flytja sjálft tillögu um að endurskoða reglugerð þá sem það hafði sjálft nýlega sett!! Var tillagan samþykkt einróma.

KAUP SALA

Trúlofunarhringar

steinhringar, hálsmen, arm-bönd o. fl. — Sendum gegn póströfu.

Gullsmiðir
Steinþór og Jóhannes,
Laugaveg 47.

Fegrið heimili yðar

Hin hagkvæmu afborgunarkjör hjá okkur gera nú öllum fært að prýða heimili sín með vönduðum húsgögnum. Bólsturgerðin, Brautarholti 22, sími 80388.

Húsgögn

Dívanar, stofuskápar, klæðaskápar (sundurteknir), rúm-fata-kassar, borðstofuborð og stólar. — ASBRÚ, Grettisgötu 54.

Minningarspjöld

Samband ísl. berklasjúklinga fást á eftirtöldum stöðum: Skrifstofu sambandsins, Austurstræti 9; Hljóðfæraverzlun Sigríðar Helgadóttur, Lækjargötu 2; Hirti Hjartarsyni, Bræðraborgarstíg 1; Máli og menningu, Laugaveg 19; Hafliðabúð, Njálsgötu 1; Bókabúð Sigvalda Þorsteinssonar, Langholtsv. 62; Bókabúð Þorvaldar Bjarnasonar, Hafnarfirði; Verzlun Halldóru Ólafsdóttur, Grettisgötu 26 og hjá trúnaðarmönnum sambandsins um land allt.



14K 925S

Trúlofunarhringar

Gull- og silfurmunir í fjölbreyttu úrvali. — Gerum við og gylfum. — Sendum gegn póströfu.

VALUR FANNAR

Gullsmiður. — Laugaveg 15.

Munið kaffisöluna

í Hafnarstræti 16.

Daglega ný egg,

soðin og hrá. — Kaffisalan Hafnarstræti 16.

Stofuskápar,

klæðaskápar, kommóður og fleiri húsgögn ávallt fyrir-liggjandi. — Húsgagnaverzlunin Þórsög. 1.

VINNA

Sendibílastöðin Þór
SÍMI 81148.

Saumavélaviðgerðir
Skrifstofuvéla-
viðgerðir
S Y L G J A,
Laufásveg 19. — Sími 2656.

Raftækjavinnustofan
Laufásveg 13.

Kranabílar

aftan-vagnar dag og nótt.
Húsflutningur, bátavagnur. — VAKA, sími 81850



annast alla ljósmyndavinnu. Einnig myndatökur í heima-húsum og samkomum. Gerir gamlar myndir sem nýjar.

Útvarpsviðgerðir

R A D Í Ó, Veltusundi 1,
sími 80300.

Innrömmum

málverk, ljósmyndir o. fl.
ASBRÚ, Grettisgötu 54.

Ragnar Ólafsson

hæstaréttarlögmaður og lög-giltur endurskoðandi: Lög-fræðistörf, endurskoðun og fasteignasala. Vonarstræti 12. Sími 5999.

Lögfræðingar:

Áki Jakobsson og Kristján Eiríksson, Laugaveg 27. 1. hæð. Sími 1453.

Sendibílastöðin h.f.,

Ingólfsstræti 11. — Sími 5113.
Opin frá kl. 7.30—22. Helgi-daga frá kl. 9—20.

Nýja

sendibílastöðin h.f.

Aðalstræti 16. — Sími 1395.

FÉLAGSLÍF

Ferðafélag
Íslands

efnir til tveggja skemmti-ferða um næstu helgi: 1—1½ dags ferð til Kerlinga-fjalla. Lagt af stað kl. 2 frá Austurvelli á laugardag og ekið austur, með viðkomu hjá Gullfossi, síðan verður haldið til Kerlingarfjalla og gist í sæluhúsi félagsins þar. Á sunnudagsmorguninn verður gengið á fjallið. Af Kerlingarfjallum er einna fegursta útsýni af landi hér. Einnig verður gengið upp í Hver-dali, og hverasvæðið skoðað. Komið heim á sunnudagskvöld. — Hin ferðin er gönguför á Esju. Lagt af stað kl. 9 á sunnudagsmorgun frá Austurvelli, og ekið að Mógilsá, gengið þaðan á fjallið. Upplýsingar í skrifstofu félagsins, Túngötu 5, sími 3647.



PRÓTTARAR!

Áríðandi æfing fyrir 4. flokk á Grímsstaðaholts-vellinum í kvöld kl. 8—10. Valið í kapplið. — Þjálf.



FARFUGLAR!

Berjafarð um helgina. Uppl. í Melaskólanum í kvöld kl. 8.30—10.

Gigt og lömun

Framhald af 8. síðu.

hann ræða við forráðamenn Elliheimplisins í Hveragerði, en fór hans hingað er einkum í sambandi við böð þau, sem þar verða starfrækt. Þá hefur og samizt svo um, að hann sendi hingað útlærða konu til leiðbeiningar við stofnunina. Kona prófessorsins er í förinni hingað með honum.

Viðtal við Jón Kjartansson

Framhald af 5. síðu

Fjárhagur bæjarins

— Innheimta útsvara hefur gengið treglega, og segir það sig sjálft hvernig það er fyrir bæjarsjóðinn að neyðast til að leggja á mun minna en raunverulega þarf, og í annan stað að fá ekki inn þetta litla sem lagt er á.

Gengið á fund ríkisstjórnarinnar

— Starfandi er nú nýkjörin

stjórnina um það mál og treysti hann því fyllilega að ríkisstjórnin lagaði það mál mjög bráðlega.

Siglifrðingar vilja byggja upp nýtt atvinnulíf

— Þrátt fyrir þetta ástand er fjarri því að bærinn sé illa staddur efnalega, sagði bæjars-tjórnin. Hér í Siglufirði munu vera eignir að verðmæti um hálfan milljarð króna.



Auðar bryggjur nema fáeinir sofandi bátar.

nefnd á vegum bæjarsjórnar Siglifrðinga og mun hún í þessari viku leggja fram fyrir bæjars-tjórnina tillögur sínar til úrbóta í þessum efnun.

Von er á atvinnumálanefnd ríkisins til bæjarins um helgina. (Viðtalið fór fram í síðustu viku, og nefndin fór ekki norður um helgina). Að loknum viðræðum við atvinnumálanefnd ríkisins munu fulltrúar úr bæjarsjórn Siglufjarðar ræða við ríkisstjórnina um þessi mál því ástandið er nú alvarlegra en nokkru sinni fyrr.

Koma togarans í bæinn hefur tímælalaust bætt mikið

— Ríkisstjórnin hefur skilið aðstaður okkar 1950 og þá hjálpað Siglufirði til að kaupa togarann Hafliða. Koma togarans í bæinn hefur tvímælalaust mikið bætt úr því ástandi er þá var að skapast, þótt hins vegar hafi ekki ráðizt full bót á.

Þá er þess að geta að á s.l. ári aðstöðaði ríkisstjórnin okkur með nokkur hundruð þús. kr. fé til atvinnubóta, til uppbyggingar hafnarinnar og var þeirri upphæð skipt í vinnu milli 125 fjölskylduðeðra.

Hraðfrystihúsið okomið enn

Þá spurði ég bæjarsjórnann að því hvað liði hraðfrystihúsinu sem Siglifrðingar gerðu fyrir 10 mánuðum kröfu til að fá í bæinn, svo hægt væri að vinna úr afla togaranna og fiskibáta.

Bæjarsjórnin kvað enn standa yfir viðræður við ríkis-

Siglifrðingum sjálfum er mjög móti skapi að þurfa að yfirgefa bæinn sinn að fullu og leita til annarra staða til búsetu. Því er það eindreginn vilji Siglifrðinga að takast megi að byggja hér upp nýtt atvinnulíf á grundvelli sjávarútvegs.

★

Af framanskraðum upplýsingum bæjarsjórnar Siglifrðinga má öllum ljóst vera að ástandið í Siglufirði er nú alvarlegra en svo að nokkurri ríkisstjórn sé stætt á því að daufheyrast við kröfum þeirra um ráðstafanir til atvinnuaukningar.

J. B.

Handiðaskólinn

Framhald af 8. síðu.

skurðarmeistari, taka að sér einn námsflokk í tréskurði, en hann hefur áður kennt við skólann; einnig tekur Þorvaldur Skúlason aftur við kennslu í skólanum. Vera má að Gerður Helgadóttir myndhöggvari kenni myndamótun á kvöðnam-skeldum.

Fjárhagsörðugleikar og hlutafé.

Handiða- og myndlistaskólinn þarf mikið fé ekki síður en aðrir skólar. Í haust þarf skólinn að eignast ný kennslutæki, endurnýja verkfæri og önnur tæki. Öll útgjöld vaxa með hverjum degi, og greiðslugeta nemenda þverr, og kom það skólanum raunar ekki að sök fyrir en í fyrravetur er mörgum nemendum tókst ekki að greiða skólagjöld. Í vor var því stofnað hlutafé til efiingar starfinu, og er hlutafé 100 þúsund krónur. Verðgildi hlutabréfanna er 100, 250, 500 og 2500 kr. Vegna hinna miklu fjárhagserfiðleika sem skólinn á við að etja eru það tilmæli skólastjórans Lúðvíks Guðmundssonar til þeirra er styrkja vilja skólann, að þeir gerist hluthafar. Hvert framlag, hve lítið sem það er, er styrkur og örfun skólanum. Hver sá sem gerist hluthafi fær 7% arð af framlagi sínu.

Um 400 nemendur voru í skólanum í fyrra, og í vetur munu þeir verða eitthvað á 5. hundrad. Í raun og veru vantar skólanum hvorki meira né minna en nýtt hús.

Íslenzkur diesel-hreyfill

Framhald af 1. síðu.

mundsson, sem fengið hefur þjálfun sína í Héðni, reiknaði hreyfillinn út undir yfirumsjón Braga Ólafssonar yfirverkfræðings. Ekki þurfti að margsmíða einn einasta hlut, allt stóðst á þegar vélin var skrúfuð saman, og hún fór í gang við fyrstu tilraun.

Stjórnendur Héðins kærðu sig ekki um að það bærst út að verið væri að reyna að smíða dieselhreyfill og leyndu starfsfólkið því, að hverju það var að vinna. Á þessu leyndarstigi gekk hreyfillinn undir dulnefninu H-12.

Ætlaður fyrir sveitabæi.

Dieselhreyfill Héðins er 12 til 15 hestafla og 1000 snúninga. Hann er fyrst og fremst ætlaður fyrir sveitabæi og er loftkældur en heita loftið frá honum má nota til súgurrúnar. Hann er svo auðveldur í meðförum, að ekki þarf teljandi vélakunnáttu til að fara með hann. Sveinn kvað hreyfillinn smíðaðan í því trausti, að hægt yrði að framleiða hann við verði, sem yrði samkeppnisfært við erlenda hreyfla.

Markmiðið að smíða enn stærri hreyfla.

Hreyfil þennan er auðvitað hægt að nota í trillubáta engu síður en fyrir sveitabæi. Sveinn forstjóri sagði að vonandi yrði haldið áfram á sömu braut og smíðaðar aflmeiri vélar. Vélarnar, sem nú eru í íslenskum fiskibátum eru af fjölda gerða og innflutningur þeirra kostar sex til tíu milljónir króna á ári. Með þeim vélakosti, sem við höfum nú, ætti að vera hægt að smíða hér að minnsta kosti eins góða hreyfla, og þá sem nú eru fluttir inn, sagði Sveinn Guðmundsson.

Hreyfill Héðins er, að svo miklu leyti sem óvéfróð augu og eyru geta um það dæmt, hið vandaðasta smíði. Hann fór í gang á augabragði og dældi vatni með sex þumlunga dælu (sem einnig er Héðinssmíði) af miklu afli. Hreyfillinn verður einn sýningargripa á Iðnsýningunni á Skólavörðuholti.

Héraðakeppni

Framhald af 3. síðu.

dagana við kvennalið UMSK. Fyrri daginn fóru leikar svo að jafntefli varð, 1 mark gegn 1, en síðari daginn unnu stúlkurnar úr UMSK með 2 gegn 0.

Akureyrarpiltar fengu lánada menn til að fylla lið og léku svo 1 leik við lið UMSK sem varð 9:8 UMSK í vil.

Mótinu lauk með borðhaldi í félagsheimilinu Hlégarði, en þar dvöldu Akureyringar, meðan á mótinu stóð. Yfir borðum hélt formaður UMSK, Axel Jónsson, ræðu og afhenti fararstjóra norðanmanna silfur-bikar frá UMSK til ÍBA til minja um heimsóknina. Einnig afhenti hann kvennahandknatt-leikslíðnum báðum bikara. Þá hafði verið ákveðið að veita ein verðlaun fyrir bezta afrek mótsins, samkvæmt nýju stigatölunni; hlaut þau Tómas Lárusson, fyrir 100 m hlaup á 11,2 sek. sem gerir 835 stig. Fararstjóri Akureyringa, Leifur Tómasson, þakkaði fyrir hönd ÍBA og færði UMSK leirker, fallegan alíslenzkan grip, að gjöf frá íþróttafólkinu. — Að lokum var stiginn dans.



Hekla